

## FRÉTTATILKYNNING

20. desember 1999

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. desember sl., voru eftirtalin mál afgreidd:

Ákvörðun nr. 40/1999

**Samkeppnisráð telur að auglýsing Hollustuverndar ríkisins og Landlæknisembættisins, sóttvarnalæknis, þar sem varað er við kampýlóbactersýkingum brjóti ekki gegn ákvæðum samkeppnislaga.**

Fyrirsögn auglýsingarinnar er „*Það iðar allt af lífi í eldhúsum landsins*“ og birtist í dagblöðum í júlí sl.

Félag kjúklingabænda kvartaði til Samkeppnisstofnunar og taldi auglýsinguna beinast gegn kjúklingaframleiðendum. Auglýsingin gæfi í skyn að sérstaklega varasamt væri að neyta kjúklingakjöts vegna hættu á kampýlóbactersýkingum. Framsetning auglýsingarinnar stuðli að því að neytendur leggi að jöfnu kjúklingakjöt og kampýlóbactersýkingar. Þá yrði ein grein kjötframleiðslu fyrir harkalegri aðför opinberra aðila. Athygli landsmanna væri sérstaklega beint að kampýlóbakter í kjúklingakjöti þrátt fyrir að í auglýsingunni væri upplýst að kampýlóbakter væri einnig að finna í öðru hráu kjöti. Jafnframt væri auglýsingin til þess fallin að valda kjúklingaræktendum tjóni og rýra samkeppnisaðstöðu greinarinnar.

Samkeppnisráð telur að gögn málsins sýni að texti auglýsingarinnar sé í samræmi við niðurstöður rannsókna sem Hollustuvernd og Landlæknisembættið höfðu við að styðjast. Rannsóknir sýndu að kampýlóbactersýkingum hefði fjölgað verulega og að rót vandans mætti einkum rekja til sýkts kjúklingakjöts. Þá telur samkeppnisráð að fullt tilefni hafi verið til að leggja sérstaka áherslu á kjúklingakjöt og mögulegar smitleiðir kampýlóbakter á mynd auglýsingarinnar.

Samkeppnisráð telur því auglýsingu Hollustuverndar og Landlæknisembættisins „*Það iðar allt af lífi í eldhúsum landsins*“ í heild sinni ekki brjóta gegn ákvæðum samkeppnislaga. Gögn málsins sýna að aðalástæða kampýlóbactersýkinga er neysla á rangt meðhöndluðu sýktu kjúklingakjöti. Auglýsingin er ekki röng, ófullnægjandi eða villandi. Framsetning myndar og texta er ekki ósanngjörn gagnvart kjúklingaframleiðendum eða neytendum þar sem sýnt hefur verið fram á nauðsyn þess að leiðbeina neytendum um rétta meðhöndlun á kjúklingakjöti. Þá er auglýsingin í samræmi við þær skyldur sem á Hollustuvernd ríkisins og Landlæknisembættinu, sóttvarnalækni, hvíla til að upplýsa neytendur um meðferð matvæla.

Ákvörðun nr. 41/1999

Ákvarðanir nr. 42/1999 og nr. 43/1999

## **Kvörtun tveggja fyrirtækja um meinta samkeppnislega hindrun við samhliðainnflutning á Musso jeppum:**

### **Samkeppnisráð telur ekki ástæðu til íhlutunar**

Tvö fyrirtæki, World Wide Iceland ehf. og Allt Gott ehf. fluttu inn samtals 21 jeppabifreið af gerðinni Musso frá Kóreu snemma árs 1998, sem þau höfðu keypt af innanlandssöludeild framleiðandans. Skráningarstofan hf. hafnaði því að skrá bifreiðarnar á grundvelli yfirlýsingar frá útflutningsdeild framleiðandans, SYMC í Kóreu, sem fullyrti að útflutningsdeildin ein hefði heimild til að gefa út vottorð um að bifreiðar uppfylltu kröfur um staðla í Evrópu.

Innflutningsfyrirtækin tvö kærðu Bílabúð Benna og eiganda hennar, sem hafa umboð fyrir SYMC hér á landi, til Samkeppnisstofnunar fyrir að hafa með ólögmætum aðgerðum reynt að hindra skráningu þeirra bifreiða sem þau keyptu af innanlandsdeildinni og þar með samhliða innflutning þeirra.

Niðurstaða samkeppnisráðs er sú að ekki verði séð af fyrirliggjandi gögnum málsins að Bílabúð Benna hafi haft áhrif á ákvörðun Skráningarstofunnar um að hafna skráningu bifreiðanna, eða á þá vinnureglu SYMC að útflutningsdeild fyrirtækisins gefi út Evrópustaðfestingar. Þess vegna sé ekki ástæða til íhlutunar af hálfu ráðsins.

Ákvörðun nr. 45/1999

### **Ólögmæt sölusynjun:**

**Heildverslunin Daníel Ólafsson hf. synjar Nýbrauði um kaup á hráefni og misnotar með því stöðu fyrirtækisins á markaðnum. Samkeppnisráð skyldar fyrirtækið til að selja Nýbrauði umrætt hráefni.**

Nýbrauð ehf., sem er nýstofnað brauðgerðarfyrirtæki í Mosfellsbæ, leitaði til Samkeppnisstofnunar skömmu áður en það hóf starfsemi í nóvember sl. og kvartaði yfir því að heildverslunin Daníel Ólafsson hf., Danól, hefði neitað að selja fyrirtækinu tiltekið hráefni sem væri því nauðsynlegt. Hráefnið er íblöndunarefni sem notað er til brauðgerðar og hefur áhrif á gæði brauðs og geymsluþol.

Danól ber því við að fyrirtækið telji það ekki hagkvæmt að selja einum aðila eina vörutegund af fjölmörgum sem fyrirtækið flytji inn og selji til brauðgerðar og baksturs. Þá heldur Danól því fram að sambærileg efni og mál þetta snúist um sé hægt að kaupa víða, bæði hér á landi og erlendis.

Athuganir Samkeppnisstofnunar leiddu í ljós að efni sem framkalla sömu virkni og umrætt íblöndunarefni, „Soft'r Cotton“, gerir í brauðframleiðslu eru ekki fáanleg hér á landi að öðru óbreyttu. Þá upplýsti belgískur framleiðandi efnisins, að hann myndi ekki selja efnið beint til framleiðenda hér á landi, heldur vísa á umboðsmann sinn, Danól. Markaðurinn í þessu máli er því að mati samkeppnisráðs innflutningur og endursala á umræddu íblöndunarefni. Á þeim markaði er Danól markaðsráðandi fyrirtæki. Sölusynjun markaðsráðandi fyrirtækis felur í sér misnotkun á

markaðsráðandi stöðu ef hún byggir ekki á hlutlægum sjónarmiðum. Slíkt hefur skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga.

Ástæða sölusynjunar Danóls er að sögn fyrirtækisins sú, að ekki sé hagkvæmt að selja Nýbrauði íblöndunarefnið nema Nýbrauð fallist á að kaupa fleiri vörutegundir af Danól. Er óhagkvæmni þess þó ekki skýrð frekar. Að mati samkeppnisráðs felst í þessari hegðun Danóls það sem kallast ólögmet samtvinnun í viðskiptum, þ.e. reynt er með þvingun að tengja kaup á tiltekinni vöru við kaup á annarri vöru. Í slíku felst að mati samkeppnisráðs, ásamt því sem áður segir, misnotkun á markaðsráðandi stöðu sem hefur skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga.

Samkeppnisráð hefur, með hliðsjón af framansögðu, beint þeim fyrirmælum til Danóls að hefja þegar sölu til Nýbrauðs á íblöndunarefninu „Soft´r Cotton“ nema hlutlægar og málefnalegar ástæður gefi tilefni til annars.

Álit nr. 12/1999

### **Álit samkeppnisráðs:**

### **Ákvæði í hafnalögum og stjórnvaldsfyrirmælum um hafnir eru samkeppnishamlandi.**

Í kjölfar erindis frá Samtökum iðnaðarins hefur samkeppnisráð beint því til samgönguráðherra að hlutast verði til um breytingar á hafnalögum þannig að skapað verði lagaumhverfi fyrir virka samkeppni í rekstri hafna.

Að mati ráðsins eru ákvæði í hafnalögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem hindra samkeppni á milli hafna, mismuna atvinnugreinum og skaða stöðu samkeppnisgreina:

**1. Ein og sama gjaldskrá gildir fyrir allar hafnir á landinu.** Með þessari skipan hafa stjórnvöld, að mati samkeppnisráðs, nánast útilokað að hafnir geti keppt sín á milli. Bendir ráðið á hið mikilvæga samgönguhlutverk sem hafnir gegna. Skipti þær í raun sköpum í þjónustu við atvinnulífið í landinu og byggðina almennt. Er árleg velta þeirra 2-3 milljarðar króna. Aðstæður einstakra hafna eru mjög misjafnar, þar á meðal kostnaðarlegar forsendur þeirra. Hafnirnar eru misstórar, þær þjóna ólíkum hagsmunum og fjárhagsleg staða þeirra er mistraust. Af þeim sökum eru ekki neinar rekstrarlegar forsendur fyrir því að hafa eina samræmda gjaldskrá fyrir allar hafnir í landinu.

Samræmd gjaldskrá kemur að mati samkeppnisráðs í veg fyrir að einstakar hafnir geti nýtt kosti sína viðskiptavinum til hagsbóta. Hún dregur úr frumkvæði eigenda hafnanna og torveldar rétta ákvarðanatöku í rekstri þeirra. Samræmd gjaldskrá getur einnig skaðað samkeppnislega stöðu þeirra fyrirtækja sem eiga ekki aðra kosti en að eiga við þær viðskipti. Því er samræmd gjaldskrá fyrir mörg fyrirtæki á sama markaði í beinni andstöðu við ákvæði og markmið samkeppnislaga.

**2. Einstakir gjaldaliðir hjá höfnum endurspeglar ekki kostnaðinn sem felst í þjónustu þeirra.** Tekið er mismunandi gjald eftir því hvaða vörflokk um er að

ræða. Kostnaður hafna er tengdur umsvifum þeirra. Gjaldskrá þeirra gerir það hins vegar ekki. Uppbygging gjaldskrárinnar fer að þessu leyti gegn markmiði samkeppnislaga.

**3. Atvinnugreinar búa við mismunandi kjör í viðskiptum við hafnir.** Almennir vöruflutningar sæta sérstöku álagi sem rennur í Hafnabótasjóð en afli er undanþeginn álaginu. Fiskiskip njóta afsláttar sem almenn flutningaskip njóta ekki. Unnt er að færa fyrir því rök að með þessu séu tilteknar atvinnugreinar að greiða niður hafnakostnað fyrir aðrar. Þetta eykur kostnað þeirra fyrrnefndu og getur skaðað samkeppnisstöðu þeirra, t.d. á erlendum mörkuðum. Gjaldtaka sem felur í sér víxlنيðurgreiðslu kostnaðar fer gegn markmiði samkeppnislaga.

Með vísan til framanritaðs er brýnt að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um hafnir verði breytt þannig að þau samræmist markmiði samkeppnislaga. Á þann hátt eykst nýting þeirra framleiðslupátta sem í höfnunum eru fólgnir.